



*Alþingi*  
*Erindi nr. P 132/2086*  
*komudagur 28.4.2006*

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Egilsstöðum, 24. apríl 2006

**Efni: Umsögn Skógræktar ríkisins um frumvarp til laga um skráningu losunar gróðurhúsalofttegunda.**

Skógrækt ríkisins fagnar framkomnu frumvarpi og beinir því til umhverfisnefndar Alþingis að hún fhugi eftirfarandi þrjár breytingar.

### **1. Heiti laganna**

Skógrækt ríkisins leggur til að lögin heiti: *Lög um skráningu losunar gróðurhúsalofttegunda og bindingar kolefnis í gróðri og jarðvegi.*

Greinargerð:

Í 2. mgr., 1. gr. er tilgreint að lögin nái einnig til bindingar kolefnis í gróðri og jarðvegi og er eðlilegt að það komi fram í heiti laganna.

### **2. Breyting á 2. mgr., 4. gr.**

Skógrækt ríkisins leggur ríka áherslu á að eftirfarandi málslíði sé bætt aftan við 1. málslíð í 2. mgr. í 4. gr.:

*Rannsóknastöð Skógræktar ríkisins skal skila inn til Landbúnaðarháskóla Íslands upplýsingum um bókhald gróðurhúsalofttegunda vegna skóglenda og skógræktar.*

Greinargerð:

Allt frá árinu 1997 hefur Rannsóknastöð Skógræktar ríkisins (RSr) lagt fram áreiðanlegar upplýsingar um bókhald gróðurhúsalofttegunda vegna skóglenda og skógræktar. Þessu hlutverki hefur RSr sinnt bæði af eigin frumkvæði og skv. beiðni frá Landbúnaðarráðuneytinu. Í fyrstu var lögð megináhersla á rannsóknir á kolefnisbindingu sem skýrt gætu kolefnisbúskap og auðveldað öflun gagna. Í framhaldi af beiðni Landbúnaðarráðuneytisins um ábyrgð og skyldur Skógræktar ríkisins varðandi upplýsingagjöf um bókhald gróðurhúsalofttegunda skóglenda og skógræktar var árið 2001 ákveðið að stofna til verkefnisins „Íslensk skógarúttekt” hjá Rannsóknastöð Skógræktar ríkisins. Íslensk skógarúttekt gerir úttekt á ræktuðum sem náttúrulegum skógum á Íslandi með það að meginmarkmiði að fylgjast með breytingum á kolefnisforða þeirra.

Miðað við þá ábyrgð og skyldur sem Skógrækt ríkisins hefur undirgengist og þá miklu vinnu sem RSr leggur til við að safna saman upplýsingum um bókhald gróðurhúsalofttegunda vegna skógræktar og við rannsóknir því tengdu er eðlilegt að hlutverk RSr hvað þetta mál varðar sé skýrt í lögnum. Hér er ekki um breytingu á fyrirkomulagi skráningar kolefnisbókhalds í skóglendum og skógrækt að ræða, heldur lagt til að lögin endurspegli núverandi fyrirkomulag.



### 3. Breyting á 3. mgr., 4. gr.

Skógrækt ríkisins leggur til að 1. málsliður í 3. mgr., 4. gr. hljóði svo:

*Umhverfisstofnun skal útbúa leiðbeiningar um skil á gögnum sem óskað er eftir í samráði við Landbúnaðarháskóla Íslands, Orkustofnun og Skógrækt ríkisins.*

Greinargerð:

Lagt er til að haft verði samráð við Rannsóknastöð Skógræktar ríkisins um umræddar leiðbeiningar, þar sem RSr hefur þekkingu á þeim gögnum sem nauðsynlegt er að skila varðandi kolefnisbókhald skóglenda og skógræktar.


### 4. Um kostnað

Gagnasöfnun getur verið kostnaðarsöm og eykst kostnaður eftir því sem kröfur um nákvæmni og áreiðanleika gagnanna eru meiri. Gert er ráð fyrir að aðilar sem losa gróðurhúsalofttegundir skili gögnum sem aflað er á þeirra kostnað. Hins vegar fellur kostnaður við að afla gagna um bindingu kolefnis í gróðri og jarðvegi á ríkissjóð, þ.e. hjá Skógrækt ríkisins og Landgræðslu ríkisins. Þar er um að ræða mun meiri kostnað en sem nemur meðferð gagnanna eftir að búið er að afla þeirra.

Í fylgiskjali frá Fjármálaráðuneytinu kemur fram að aukakostnaður verði hjá Umhverfisstofnun og Landbúnaðarháskóla Íslands, einkum vegna móttöku og meðferðar á gögnum. Þar er ekkert fjallað um kostnað við að upphaflega öflun gagnanna, en þegar um er að ræða bindingu kolefnis í gróðri og jarðvegi verður það ekki gert nema með talsvert kostnaðarsömum mælingum. Með þessu frumvarpi er verið að lögleiða þessa gagnaöflun og því fylgir kostnaður, sem er að vísu erfitt að áætla fyrir en leiðbeiningar um skil á gögnum skv. 4. gr. liggja fyrir. Það er þó mat Skógræktar ríkisins að í fylgiskjali Fjármálaráðuneytisins sé kostnaður ríkissjóðs verulega vanmetinn.

Virðingarfyllt

F.h. Skógræktar ríkisins

  
Þröstur Eysteinnsson  
Þróunarstjóri